

Bæjarstjórn - 409

FUNDARBOÐ

409. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, miðvikudaginn 30. mars 2022 og hefst
kl. 17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

- 1. 2203005F - Bæjarráð - 638**
Lögð fram fundargerð 638. fundar bæjarráðs.
- 2. 2203004F - Skipulags- og bygginganefnd - 258**
Lögð fram 258. fundargerð skipulags- og bygginganefndar.
- 3. 2203002F - Ungmennaráð - 19**
Lögð fram 19. fundargerð ungmennaráðs.
- 4. 2203001F - Skóla- og fræðslunefnd - 191**
Lögð fram 191. fundargerð skóla- og fræðslunefndar.
- 5. 2202004F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 19**
Lögð fram 20. fundargerð afgreiðslufunda byggingarfulltrúa.

Erindi til kynningar

- 6. 2005070 - Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar**
Lagðar fram fundargerðir Breiðafjarðarnefndar frá fundum 197, 198 og 199.
- 7. 2112008 - Fundargerðir Sambands íslenskra sveitarfélaga**
Lögð fram fundargerð 906. fundar sambands íslenskra sveitarfélaga.
- 8. 2003023 - Fundargerð stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi**
Lögð fram fundargerð 166. og 167. fundar stjórnar SSV.
- 9. 2003028 - Fundargerðir stjórnar Hafnarsambands Íslands**
Lögð fram fundargerð 442. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands sem haldinn var föstudaginn 18. febrúar sl.

- 10. 2106002 - Fundargerðir félagsmálanefndar Snæfellinga**
Lögð fram fundargerð 199. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga.
- 11. 2203010 - Samráðshópur um öldrunarmál á Vesturlandi**
Lögð fram lokaskýrsla samráðshóps um öldrunarmál á Vesturlandi ásamt fylgiskjölum.
- 12. 1909042 - Færsla hjúkrunarheimilis og staða framkvæmda við HVE Stykkishólmi**
Lagt fram undirritað samkomulag um framlengingu á samningi um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimilis að Skólastíg 14 og samningur Stykkishólmsbæjar og heilbrigðisráðuneytisins um flutning á þjónustunni til HVE. Einnig er lögð fram fundargerð 22. fundar stýrihóps vegna framkvæmda á HVE í Stykkishólmi.
- 13. 2202012 - Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni).**
Lögð fram til kynningar viðbótarumsögn Stykkishólmsbæjar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn sandkola og hryggleysingja).
- 14. 2203019 - Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.**
Lagt fram fundarboð á aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga 2022.
Fundurinn verður á Hotel Nordica klukkan 15:00 föstudaginn 1. apríl 2022.
- 15. 2202021 - Ársreikningur hafnasambands Íslands 2021**
Lögð fram drög að ársreikningi Hafnasambands Íslands fyrir árið 2021. Samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga Hafnasambands Íslands skal stjórn samþykkja ársreikninga eftir að þeir hafa verið kynntir aðildarhöfnunum.

Athugasemdir, ef einhverjar eru, skulu berast fyrir 12. apríl nk.
- 16. 2203014 - Frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 1382011. (Íbúakosningar á vegum sveitarfélaga)**
Lagt fram erindi frá innviðaráðuneytinu þar sem vakin er athygli á drögum að frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011. (Íbúakosningar á vegum sveitarfélaga). Einnig er lögð fram umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Bæjarráð tók, á 638. fundi sínum, undir umsögn Sambandsins.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

17. 2203022 - Staða hafnarvarðar

Lögð fram auglýsing á stöðu hafnarvarðar við Stykkishólmshöfn ásamt eftirfarandi bókun bæjarráðs sem lögð er fram til staðfestingar.

Samkvæmt starfsreglum bæjarstjórnar um ráðningu starfsmanna fer bæjarstjórn með ráðningu Hafnarvarðar. Nýverið var auglýst laust til umsóknar starf hafnarvarðar. Bæjarstjórn felur bæjarstjóra að annast ráðningaferli vegna starfsins fyrir sína hönd, í samráði við oddvita allra lista og formann hafnarstjórnar. Bæjarstjóri annast mat á umsóknum, boðun í viðtöl, viðtöl og loka mat í kjölfar viðtala að undasngengnu samráði við oddvita allra lista og formann hafnarstjórnar og gerir að því loknu rökstudda tillögu

um ráðningu sem lögð verði fyrir bæjarstjórn til umfjöllunar.

18. 2203009 - Samstarf um uppbyggingu aðstöðu - Skógræktarfélag Stykkishólms

Lagt er til að hafinn verði undirbúningur að því að bæta aðstöðu Skógræktarfélags Stykkishólms í samstarfi við félagið með áherslu á að koma upp salernisaðstöðu og inniaðstöðu á fyrirliggjandi byggingarreitum þar sem m.a. verði horft til þess að koma til móts við núverandi þarfir þeirra stofnana og félagasamtaka sem nýta skógræktina í sinni starfsemi, þ.m.t. Leikskólann í Stykkishólmi, Grunnskólann í Stykkishólmi, Royal Rangers Stykkishólmi, Aftanskin og önnur félagasamtök.

Bæjarráð samþykkti tillögu bæjarstjóra á 638. fundi sínum og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja hana.

19. 2203020 - Þátttaka í stofnun sjálfseignarstofnunar um nýsköpunarnet Vesturlands

Lagt fram erindi frá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi um stofnun sjálfseignarstofnunar um nýsköpunarnet Vesturlands.

Bæjarráð samþykkti, á 638. fundi sínum, þátttöku Stykkishólmsbæjar í stofnun sjálfseignarstofnunar um Nýsköpunarnet Vesturlands og vísaði afgreiðslunni til staðfestingar í bæjarstjórn.

20. 2203024 - Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga

Lagður fram lánsamningur ásamt fylgigögnum milli Lánasjóðs sveitarfélaga sem lánveitanda og Stykkishólmsbæjar sem lántaka um lán að fjárhæð kr. 100.000.000 hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. í samræmi við fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar.

Bæjarráð samþykkt lántökuna á 638. fundi sínum og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 100.000.000 samræmi við fyrirliggjandi skilmála að lánasamningi og viðauka.

21. 2111004 - Víkurhverfi - Deiliskipulagsbreyting

Lögð er fram afgreiðsla skipulags- og byggingarnefndar og bæjarráðs um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Víkurhverfis.

Gildandi deiliskipulag fyrir Víkurhverfi er frá 2007. Deiliskipulagssvæðið er um 2,3 ha að stærð og nær til miðhluta hverfisins n.t.t. norður af Borgarbraut að Hyrnuvík. Ákvörðun um breyta deiliskipulaginu er tilkomin vegna mælinga sem unnar voru á svæðinu s.l. sumar en þá kom í ljós að suðurendi svæðisins er að hluta til óbyggilegur vegna jarðvegsdýptar.

Meginmarkmiðin með deiliskipulagsbreytingunni eru að:

- Ná fram meiri hagkvæmni og betri nýtingu lands með fjölgun lóða úr 13 í 16, fjölgun íbúðareininga úr 28 í 37 og styðjast við nýja nálgun við íbúðarlausnir og hagkvæmari nýtingu lóða. Jafnframt er leitast við að vernda svæði sem mikilvæg eru fyrir leik og útivist.

- Stýra lausnum í byggingarheimildum í átt til meiri gæða í íbúðarlausnum með áherslu á sól og skjól og bjartari íbúðir.

- Ná fram fallegu heildaryfirbragði byggðarinnar með því að hanna aðlaðandi götummyndir, áhugaverð rými á milli húsa, gönguvænna umhverfi og blandaða stærð íbúðareininga með mismunandi húsum og þakformum.

- Leggja áherslu á lýðheilsu og mannrækt með gatnahönnun sem tekur mið að umferðaröryggi, gróðri, götugögnum og góðri lýsingu ásamt samfélagsmótandi þáttum og aðgengi að náttúru og útivistarmöguleikum.

Skipulags- og byggingarnefnd fagnaði, á 258. fundi sínum, framlagðri tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Víkurhverfi og telur að hugmyndafræðin sem þar er kynnt, samræmist stefnu bæjarins um sjálfbærni, fjölbreytta og áhugaverða íbúðarkosti, hagkvæmni í landnýtingu, gatnahönnun sem tekur mið af umferðaröryggi, áherslu á gönguvænt umhverfi og aðgengi að frábærum útivistarmöguleikum.

Nefndin samþykkti fyrir sitt leyti tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Víkurhverfi og lagði til við bæjarstjórn að auglýsa tillöguna.

Bæjarráð samþykkti, á 638. fundi sínum, afgreiðslu nefndarinnar með þeirri breytingu að breidd Borgarbrautar innan deiliskipulagsbreytingarinnar verði 6,5 m með 2 m gangstétt öðru megin (gatan er safngata og tenging síðar við hugsanlega baðaðstöðu) og að Bauluvík verði 6,5 m með 1,5 m gangstétt öðru megin (einnig safngata) og Imbuvík og Daddavík verði 5,5 m að breidd og verði vistgötur og hannaðar sem slíkar. Bæjarráð óskar eftir að kannað verði með að hönnun hverfis uppfylli vistvottun og felur bæjarstjóra að leggja uppfærðan uppdrátt fyrir bæjarstjórnarfund.

Fyrir bæjarstjórn er lagður uppfærður uppdráttur í samræmi við bókun bæjarráðs.

22. 2202020 - Hamraendi 6-8 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi - Grenndarkynning

Lögð fram umsókn Skipavíkur ehf. um byggingarleyfi fyrir iðnaðarhúsnæði á tveimur hæðum við Hamraenda 12. Stærð hússins er 20 x 36,2 m eða samtals 732,2 m² að grunnfleti. Birt stærð er 724 m² og brúttórúmmál er 3.828 m². Um er að ræða 12 bil, hvert um sig um 50 m² að stærð að grunnfleti. Burðarvirki hússins er steinsteypa og límtré. Lóðin er 1.920 m². Með erindinu fylgdu aðaluppdrættir frá W7 slf. dags. 22.02.2022.

Í ljósi þess að ekki liggur fyrir deiliskipulag á svæðinu vísaði byggingarfulltrúi erindinu til skipulags- og byggingarnefndar.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkti á 258. fundi sínum, að grenndarkynna byggingarleyfisumsókn skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verður fyrir eigendum bygginga við Hamraenda nr. 1, 2, 3, 5 og 10 a-d, ásamt Hesteigendafélaginu Fákaborg. Að grenndarkynningu lokinni og að því gefnu að engar athugasemdir hafi borist, vísaði nefndin málinu til afgreiðslu hjá byggingarfulltrúa.

Bæjarráð samþykkti á 638. fundi sínum afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar og vísaði henni til staðfestingar í bæjarstjórn.

23. 2112004 - Sameining Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar

Lagt fram minnisblað vegna næstu skrefa í kjölfar þess að sameining Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar var samþykkt. Fyrir liggur að skipa þarf undirbúningsstjórn vegna stofnun nýs sveitarfélags þar sem bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar og sveitarstjórn Helgafellssveitar skal hver um sig skipa tvo til þrjá fulltrúa í stjórnina eftir samkomulagi. Jafnframt þurfa sveitarfélögin að kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara, en kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skulu vera undirkjörstjórnir í hvoru sveitarfélagi fyrir sig.

24. 1912009 - Uppbygging innviða vegna sölu á Íslandsbanka hf. - Skógarstrandarvegur og Breiðafjarðarferjan Baldur

Lögð fram tillaga Bankasýslu ríkisins um sölumeðferð á eftirstæðum eignarhlut í Íslandsbanka hf., umsögn fjárlaganefndar um greinargerð fjármála- og efnahagsráðherra vegna framhalds á sölu á hlutum í Íslandsbanka, greinargerð fjármála- og efnahagsráðherra vegna framhalds á sölu á hlutum ríkisins í Íslandsbanka og önnur gögn tengd sölufyrirkomulagi Íslandsbanki ásamt bókun 405. fundar bæjarstjórnar vegna málsins og minnisblað samstarfsnefndar um sameiningu Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar um áhersluatriði í samskiptum við Alþingi og ríkisstjórn.

28.03.2022

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.